



Fundargerð félagsfundar Kvasis 5. október 2011

Formaður bauð alla velkomna á 11. haustfund Kvasis. Þetta er í annað sinn sem haustfundur Kvasis er haldinn hér á norðausturhluta landsins. Stofnfundur Kvasis var haldinn á Selfossi 31. maí árið 2000 og þá

og var Kvasir maður alvitur er kunnir svör við öllum spurningum“. Á þessum fundi töldu menn að símenntunarmiðstöðvarnar hefðu tækifæri til að skapa sér sess í menntakerfi þjóðarinnar og væru þær sterkari saman í þeirri viðleitni en hver fyrir sig. Fundarmenn eru starfsfólk og fulltrúar símenntunarmiðstöðvanna. Sérstakir gestir á haustfundi að þessu sinni eru fulltrúar Mennta- og menningarmálaráðuneytis, Stefán Stefánsson og Kristrún Ísaksdóttir og Kristín Njálisdóttir sem kemur fyrir hönd, Fræðslusjóðs og fræðslusjóða stéttarfélaganna.

Breytingar í stjórn Kvasis – kosning.

Guðjónína Sæmundsdóttir er tilnefnd og var kosin með handauppréttingu.

Helstu verkefni Kvasis:

Fram kom í máli formanns að þau verkefni sem brýnust væru eru gæðamálin, EQM. Ástæðan væri að í framhaldsfræðslulögunum, 7. grein sem fjallar um viðurkenningu fræðsluaðila stæði Ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, veitir fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Viðurkenning skal byggjast á mati á eftirtöldum þáttum.

- A. Aðstöðu til kennslu og námskeiðahalds.
- B. Skipulagi náms og umsjón með því.
- C. Námskrám eða námslýsingum.
- D. Hæfni þeirra sem annast framhaldsfræðslu með tilliti til þekkingar þeirra og reynslu.
- E. Fjárhagsmálefnum og tryggingum og
- F. Tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.

Ráðuneyti mennta- og menningarmála hvetur stöðvarnar til að sækja um viðurkenningu til ráðuneytisins tímanlega fyrir 1. október 2012.

Fleiri verkefni brenna á aðilum Kvasis eins og námsmat; hvernig metum við nám námsmanna; hvaða aðferðir nota leiðbeinendur okkar við matið aðrar en hefðbundin próf. Þetta þarf að vinna með framhaldsskólunum. Eins varðandi ársskýrslur og ársreikninga. Við þurfum að ræða saman þar og samræma að minnsta kosti hluta.

Kostning ritara

Guðjónína Sæmundsdóttir var kosin ritari fundarins.

Fræðslusjóður framhaldsfræðslu vinna við stefnumótun!



Kristín Njálisdóttir stjórnarmaður í Fræðslusjóði fór yfir starfsemi fræðslusjóðs.

Kristín gerði grein fyrir stefnumótunarvinnu fræðslusjóðsins. Eftir skipun ráðsins var skammur tími til stefnu til að úthluta fjár fyrir árið 2011. Síðan í framhaldi var ákveðið að fara í stefnumótunarvinnu. Það hafa verið haldið 9 stjórnarfundir. Stefnumótunarfundur var haldinn 14. Júní en áður hafði verið fundað með fulltrúum Símenntunarmiðstöðva og aðilum sem standa að fræðsluráði. Maskína framkvæmdi fjarumræðuborð á meðal samstarfsaðila. Það var undirbúningur fyrir stefnumótunarfundinn.

Stjórnarmenn hafa mikið velt fyrir sér markhópnum og þeim sem falla út fyrir hann s.s. öryrkja og starfsendurhæfingarhópsins.

Fræðslusjóður hefur hug á að koma á dagskrá fleiri rannsóknum í framhaldsfræðslunni. Hefur verið rætt um ráðningu starfsmanns til að sjá um og tryggja samfellu í rannsóknarvinnu fyrir framhaldsfræðslunni.

Sem dæmi um rannsóknarefni gott að skoða:

Hvata að þátttöku í námi á fullorðinsárum (gæti verið eigindleg rannsókn – rýnihópar?) – hvað er það sem hvetur fólk til náms?

Hvað hindrar þátttöku í námi á fullorðinsárum! (hugsanlega stórt verkefni, framkvæmt með fleiri en einni aðferð)

Könnun á einstaka stöðum/svæðum, t.d. markhópagreining og samanburður á milli svæða!

Árangur náms-og starfsráðgjafar á vinnustað og líka árangur náms-og starfsráðgjafar (símenntunarmiðstöðvanna) fyrir atvinnuleitendur.

Afstaða atvinnurekenda til ráðgjafar á vinnustað!

Afstaða atvinnurekenda til menntunar starfsmanna með stutta formlega skólagöngu!

Rannsóknir sem tengjast námsleiðum FA – hvernig nýtast þær almennt og hvernig nýtast þær í sértækum aðgerðum eins og fyrir atvinnuleitendur!

Mikilvægi ráðgjafar í raunfærnimatsferli!

Sjá glærur Kristínar.

Tungumálatorg

Þorbjörg Halldórsdóttir og Selma Kristjánsdóttir hjá Mími kynntu tungumálatorg, www.tungumalatorg.is. Þar er allt sem tengist íslenskukennslu fyrir útlendinga. Aðilar geta lagt til efni og þiggja efni.



Þær báðu alla um að koma með ábendingar um síðuna og efnið þar. Þær hvöttu viðstadda til að láta okkar verkefnastjóra íslenskukennslu vita af torginu.

Námsleiðir FA og námsmat

Þorbjörg fjallaði um námsmat sérstaklega Grunnmenntaskólann og Nám og þjálfun. Mímir finnur fyrir því að skólarnir vilji ekki meta að það sé ákveðið vantraust á milli aðila.

Hún benti á bókina „Fjölbreyttar leiðir í námsmati“ (Ingibjörg Pálsdóttir).

Þorbjörg fór yfir hvernig Mímir setti upp námsmat í íslensku, ensku, stærðfræði. Þar var þrífætt mat þ.e. sjálfsmat, símat og lokamat

Hún benti á að mikilvægt væri að minna kennara á dagbókina og að þeir minntu nemendur á hana.

Framhaldsskólinn hefur tekið jákvætt í þetta breytta form. Þeir eru mjög ánægðir og eiga auðveldar með að meta námið frá Mímir.

Einnig fjallaði hún um hve margar námskrár væru líkar og að það þyrfti að gera betri aðgreining á Grunnmenntaskólanum og Námi og þjálfun.

Það á að vera hægt að fá sömu áfangana meta úr þessum tveim námskrám. Svo eru Menntastöðir á sama stigi. Mímir finnur fyrir aukinni þörf á að bjóða upp á stigskipt nám. Togstreitan myndast líka af því að sagt er að námið sé metið til framhaldsskólaeininga.

Námsmatið er tilraun sem er ekki lokið, þarf að finna lausn á tæknimálum eins og skráningu inn í MySchool.

Sjá glærur Þorbjargar

HópaVinna – nokkrir punktar

Námskrárnar – fólk sammála um að það þurfi að endurskoða þær.

Þurfum við að vera svo einsleitar að gera námsmatið eins allar símenntunarmiðstöðvarnar? Heildarsvarið við þeirri spurningu var NEI.

Eigum ekki að festa okkur í því sem stendur aftast í námskránni að það eigi að vera þessi og þessi áfangi. Heldur þarfagreina og kenna eftir því.

Rætt um margar svipaðar námskrár eins og Grunnmenntaskólann, Nám og þjálfun og Menntastöðir. Mörgum finnst gott að hafa þessar námskrár þar sem þær eru fyrir mismunandi hópa. Grunnmenntaskólinn hugsanlega fyrir þá sem eru lakari námsmenn en þeir sem eru í Nám og þjálfun.



Búið að leyfa til tilraunakennslu tvær námskrár sem verða settar á þrep, Menntastoðir og Opin smiðja. Tekið út þessi tenging við sérstaka áfanga.

Markmið og hlutverk Kvasis í innflytjendamálum

Á aðalfundi Kvasis 19. apríl 2010 á Akureyri var farið yfir hvað fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar væru að gera fyrir innflytjendur í fræðslumálum. Fundurinn ákvað „að komið yrði upp tengslaneti til að vinna að þessum málum. Í hópinn var kjörinn einn aðili frá hverri miðstöð og vann hópurinn að stefnumótun fyrir miðstöðvarnar á þessu sviði og átti að skila af sér fyrir haustfund 2010“. Skilunum var frestað. Í hópnum sátu: Ásmundur Sverrir Pálsson, Valgerður Guðjónsdóttir, Selma Kristjánsdóttir, Sveindís Valdimarsdóttir, Guðrún Vala Elísdóttir, Sigurborg Þorkeldsdóttir, Jóhann Ingólfsson, Helgi Þ Svavarsson, Helena Ingólfssdóttir og Laufey Eiríksdóttir, sem stýrði hópnum.

Laufey Eiríksdóttir fyrir hönd hópsins skilaði af sér vinnunni. Leiðir Kvasis í innflytjendamálum og mat á þeim. Skilaði skýrslu af sér. Hittust síðast í júní.

Laufey fór yfir leiðir til íslenskukennslu og samfélagsfræðslu. Hún talaði um að það væri vandamál að ná til þeirra fyrir t.d.náms- og starfsráðgjafa. Þar sem við höfum engan aðgang að öllum útlendingum á okkar svæði. Hún fjallaði um menntun kennara og að mikilvægt væri að einhver á hverri miðstöð héldi utanum kennarana og studdi við þá. Verkefnastjórar þurfa að koma á fundi með kennurum svo þessir aðilar geti rætt saman.

Sjá glærur Laufeyjar

Leiðbeiningar vegna samfélagsfræðslu

Kvasir samtök fræðslu og símenntunarmiðstöðva fékk árið 2010 styrk til að vinna kennsluefni sem hentaði á samfélagsfræðslunámskeiðum fyrir innflytjendur á Íslandi. Þriggja manna stýrihópur úr starfshópi Kvasis um málefni innflytjenda sá um framkvæmd verksins og tók ákvörðun um val á efni. Í stýrihópnum eru: Laufey Eiríksdóttir, frá Þekkingarneti Austurlands, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga, Helgi Þorbjörn Svavarsson, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.

Helgi Svavarsson kynnti leiðbeiningarnar fyrir fundargestum.

Fyrirmynd að efninu var sótt til Noregs, Ressursperm for lærere útgefið af VOX. Norska efnið var þýtt og staðfært að hluta og íslensku efni bætt við að auki. Það er fyrst og fremst upplýsingaveita fyrir kennara/leiðbeinendur og túlka og gerir ráð fyrir að kennslan fari fyrst og fremst fram í gegnum umræður þar sem leiðbeinendur hvetji nemendur til að spyrja og ræða um samfélagsmál.

Verkefnið var að hluta unnið í samstarfi við Vinnumálastofnun og tveir einstaklingar ráðnir í gegnum vinnumarkaðssúrræði til að taka saman efnið og hanna útlit þess. Það voru Eygló Pála Sigurvinsdóttir sem sá um upplýsingaöflun og samsetningu efnisins og Röðull Reyrr Kárasón



sem sá um útlitshönnun og gerð myndrita. Efnið inn á heimasíðu sett upp í google (Innflytjandafræðsla). Kennarar eiga að geta náð í efnið inn á heimasíðuna. Slóðin verður sett inn á Kvasis síðuna.

Þetta er ekki tæmandi efni, þarf líka að staðfæra fyrir hvern stað fyrir sig. Gert er ráð fyrir að námskeiðið sé kennt með aðstoð tólks og markhópurinn eru þeir sem eru tiltölulega nýkomnir til landsins.

Fræðslu og símenntunarmiðstöðvarnar hafa um árábil sinnt innflytjendum og boðið þeim upp á íslenskunámskeið, Landnemaskóla sem og önnur námskeið bæði tómsunda- og starfstengd. Það er von þeirra, sem að þessu verkefni standa, að námskeið um samfélagsmál á tungumáli sem nemendur skilja vel verði eitt af sjálfsögðum námskeiðstilboðum símenntunarmiðstöðvanna og að opinberir aðilar eða atvinnulífið verði tilbúnir að taka þátt í kostnaði við þau.

MySchool – staðan

Hapra H. Frankels fór yfir breytingar á MySchool á árinu. Hún hvatti alla til að koma athugasemdum á framfæri.

[Sjá glærur Hörpu](#)

Fundargerð félagsfundar Kvasis 6. október 2011

Gæðamálin EQM – gæðahandbók (demo)

Þekkingarnet Þingeyinga tóku EQM gæðamálin upp fyrir 2 árum ásamt Þekkingarneti Austurlands og Símei í samstarfi við FA. Þau eru komin með gæðahandbók. Hafa verið að veita öðrum ráð varðandi þetta. Fengu styrk til að gera gæðahandbókina og allir geta notað hana ef þeir vilja.

Gæðahandbók – ferlar

Aðalheiður G. Sigurjónsdóttir fór í gegnum ýmsa ferla hjá Mími s.s. vegna læsisvanda, starfsmanna og skipulagninga námskeiða. Hún talaði um að gott væri að geta sett þessa verkferla á einhvern stað þar sem allir geta sótt það því allir geta lært hvor af öðrum.

Menntabréin og FS-netið

Óli Halldórsson, Laufey Eiríksdóttir og Jóhann Ingólfsson greindu frá stöðu mála varðandi Menntabréna.

Það er búið að kaupa nýja brú. Háskólarnir gerðu það og fengu fjármagn frá Ráðuneytinu.



Allt fjarnám hjá okkur í dag er keyrt á gömlu brúnni. Nýja brúin er miklu flottari. HÍ, HA, Landbúnaðarháskólinn, Hólar keyptu brúnna. Við erum ekki komin inn á hana. Talað var um að Kvasir ætti að borga uppfærsluna á næsta ári ca. 3,5 m. Það hefur ekki verið lagt undir stjórn Kvasis. Framhaldsskólinn er í dag að koma inn á brúnna í gegnum Kvasir. Nýja brúin sendir á allt að 60 staði í einu.

Umræður:

Stjórn Kvasis er falið að vinna nánar að málinu. Óskað eftir fundi með stjórn Menntabrávarinnar.

FS-netið

Það á að fara að bjóða út utanlandsgáttina. Það eru viðræður við Ergonet. FS-netið hefur gengið vel. Fs-netið er net sem tengir símenntunarmiðstöðarnar, Framhaldsskólann og Rannsóknarþjónustuna saman og á alltaf að halda uppi fullri bandvídd.

Umræðuhópar:

Hópur 5. Halda námskeið, þau myndu efla virkni. Hvað getum við gert til að fá fólk inn. Þarf að kynna starfsemina okkar betur. Við þurfum að tala við fólk. Símei hefur gefið nammi í fyrirtækjum ☺ Auka virkni fólk í lýðræðislegri þátttöku í samfélaginu t.d. taka þátt í stjórnnum, standa upp og tala, kjósa, geta rökrætt. Öðruvísi hittinga heldur en námskeið s.s. bókaklúbbar, þar sem fólk getur rætt í öruggum aðstæðum.

Hópur 4. Hópurinn fjallaði um hverja Kvasir ætti að kynna sig fyrir s.s. þingmenn, félagsþjónustur, VIRK, framhaldsskólar, nemendur, Stéttarfélög, Vinnumálastofnun, stjórnendur fyrirtækja, háskólar, frumgreinadeildir, Menntamálaráðuneytið og allur almenningur. Hópurinn sagði að m.a. ætti Kvasir að markaðssetja með:

- Kynningarefni
- Kynningarbásar
- Blaðagreinar
- Ráðstefnur
- Fundir
- Útgáfa fréttablaðs (bréfs)

Hópur 3. Vantar vettvang til að hýsa rannsóknir. Kvasir gæti verið sá vettvangur og tengiliður t.d. við háskólasamfélagið. Þyrfti að útbúa rammaáætlun fyrir rannsóknir. Með rannsóknnum



þyrfti að koma þróun. Ef niðurstaða rannsóknar væri að eitthvað vantaði þá færi einhver þróun af stað.

- Greining á markhóp í fullorðinsfræðslu
 - Árangur, þátttökuleysi, símenntun kennara í fullorðinsfræðslu
- Menntamál innflytjenda
- Hvaða áhrif hefur íslenskukennsla á þátttöku í samfélaginu

Hópur 2. Mun framhaldsskólinn geta brugðist við þörfum framhaldsfræðslunnar í framtíðinni. Iðn og tæknimenntun. Lítið af okkar menntun er talið inn í tölfræðina. Þrepaskipting náms gæti breytt þessu. Hlutverk okkar í fjölmeningunni og fjölmeningin er okkar auður.

Hópur 1. Miklar breytingar hafa orðið sl. 10 ár. Erfitt að sjá hvað muni gerast næstu 10 ár. Brottfallshópurinn er enn sá sami. Hvernig munu stöðvarnar bregðast við breytingum? Hópurinn verður sá sami. Styttri námsleiðir þarf að þróa, verknámsbrautir. Talað um að það vantar fólk í 1000 störf á næstu árum. Verknámstofur á brautum sem væri farið með um landið. Ennþá sitja fólk út um allt land sem býr á stöðum þar sem fáir búa og ekki er hægt að koma af stað námi þar vegna kröfu um fjölda í hóp. Passa sig á að fara ekki of mikið eftir framhaldsskólanum. Á næstu árum yrði kannski stofnaður framhaldsskóli fyrir fullorðinna.